

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Ný málsgrein bætist við á eftir 11. mgr. 113. gr. reglnanna, svohljóðandi:

Sérstakt inntökuþróf er haldið fyrir umsækjendum um BA-nám í íslensku sem annað mál. Inntökuþrófið er að jafnaði haldið í júní. Þeir sem ná lágmarkseinkunninni 6,0 á inntökuþrófinu öðlast rétt til að hefja BA-nám í íslensku sem annað mál. Umsækjendum sem ekki ná lágmarkseinkunninni stendur til boða að leggja stund á hagnýtt nám í íslensku og geta með því aflað undirbúnings fyrir inntökuþrófið í BA-nám í íslensku sem annað mál.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 6. maí 2024.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.